

alla þá samninga, seldi miklu ódýrar og gaf betur fyrir innlendu vöruna. Glad seldi t. d. kaffið á 20 skildinga, sem hinir seldu á ríkisort. Kom Glad hvert sumarið eftir annað og urðu hinir spekulantarnir að breyta vöruverði sínu eftir honum hvort sem þeim var það ljúft eða leitt.

Árið 1853 kom og *Jóhannes forgilti* frá Reykjavík. Var það skip Grosseraverslunarinnar og með því Jón Stefánsson frá Straumi á Skógarströnd, hét Clausen skipstjóri. Ekki kom það skip oftar. Þá kom og einu sinni Ásgeir Ásgeirsson frá Ísafirði, síðar etazráð. Hét skip hans *Lovisa*. Þorlákur kaupmaður Johnson frá Reykjavík kom og eitt sumar á ensku skipi og ýmsir fleiri komu, er ekki verða hér taldir.

Það var venja spekulanta að taka sér einn hátíðisdag. Völdu þeir til þess afmæli Clausens gamla í Stykkishólmi. Fóru þeir þá út að Reykjalaug og voru þar sem hveralækurinn skiftist og síðan er kallaður Kaupmannahólmi. Höfðu þeir með sér klyfjahesta og á þeim svínsflesk, skonrok, öl, brennivín og romm. Voru þangað allir velkomnir og hverjum veitt eftir vild. Notuðu héraðsmenn vel boðið og var aðsókn sem á hvalfjöru. Enginn kvenmaður sótti þá samkomu.

Annars var yfirleitt hver dagurinn öðrum líkur meðan spekulantarnir voru við Borðeyri.

Klukkan að ganga 6 á morgnana fór kokkurinn á fætur og ferjumaðurinn. Var þá oft komið margt fólk á tangann. Gekk svo ferjan milli skips og lands allan daginn og langt fram á nótt og oftast hlaðin af fólki og ull og annari vöru. Allir fengu fritt far.

Flestir spekulantarnir létu hönd selja hendi, en Bjarni Sandholt og Bryde lánuðu nær eftir vild.

Um sama leyti og spekulantarnir fóru að koma á Borðeyri komu þeir einnig á Skeljavík við Steingrímsfjörð, en hún er litlu innar en nú stendur Hólmavíkurkaupstaður; var útlend vara afhent þar, en svo komu bændur aftur með sína vöru á ættæringum til Borðeyrar.

Enginn kofi var á Borðeyri fyrstu árin sem spekulantar komu þar, og ekki fyr en Pétur Eggerz reisti þar hús árið 1860, það var 24 álna langt og 12 álna breitt og stendur þar enn.

Hann tók vörur þær af skipum Clausens sem ekki gengu út og verslaði með þær. Síðan stofnaði hann verslunarfélag ásamt þeim Páli Vidalin í Tungu og Skaptasen lækni. Hét það Verslunarfélag Húnvetninga og var hlutafélag, en hluturinn var 25 dali.

Félag þetta gat ekki þrífist og mistu menn hluti sína. Keypti Zöllner þá húsið af Pétri, en Bryde bygði nýtt hús á tanganum. Úr því féllu niður spekulantsferðir til Borðeyrar og höfðu þær staðið í 31 ár. En þetta varð 1879.

Næstu jól eru liðin 80 ár síðan Borðeyri var löggiltur verzlunarstaður.

(Vanadis 1915)



Franz Siemen.

Nóttina milli 21.—22. desember, andaðist á heimili sínu hér í bæ, fyrverandi sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Franz Siemen, hafði hann verið mjög veikur í langan tíma.
